



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Sæborg

2020 – 2021



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans:	2
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra mat xxx deildar	5
3 Ytra mat	20
4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	21
5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	21
6 Foreldrasamvinna	21
7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	22
8 Fylgigögn	22
8.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	22

Leiðarljós leikskólans:

Í öllu starfinu er litið á barnið sem sterkan og skapandi einstakling sem hefur mikið fram að færa



1 Greinargerð leikskólastjóra

Manni er orða vant að lýsa síðasta skólaári í einu orði. Það einkenndist af mjög miklum skipulagsbreytingum sem urðu að koma til framkvæmda skyndilega og hver ofan í aðra. Það reyndi mikið á þrautseigju, jafnaðargeð og útsjónarsemi þess sem þetta ritar sem og aðra starfsmenn skólans.

Þegar allt var komið í höfn varðandi mannaráðningar í haust 2019 voru þrír starfsmenn sem hættu skyndilega en þó ekki allir í einu. Allt var það af óskyldum en skiljanlegum ástæðum. Mannaráðningar gengu því brösulega fram að jólum. Einnig að því leiti að barnahópurinn var ólíkur að samsetningu því sem hefur verið í Sæborg og urðum við að bregðast við því strax og fjölga starfsfólki.

Við höfðum undirbúið framkvæmd að innleiðingu nýju menntastefnunnar og ætluðum að vinna veturinn 2019-2020 að sköpun -skapandi hug og hönd. Ástæðan fyrir því vali var sú að við viljum byggja á grunninum sem Sæborg stendur á og erum sammála um það að við viljum áfram og halda í starf í anda Reggio Emilia. Starfsmannahópurinn er frekar ungur og margir nýbyrjaðir í haust. Því voru margir sem ekki þekktu til og vildum við um leið skerpa á okkar sýn varðandi að vinna í anda Reggio Emilia. Áætlað var að fá fyrirlesara sem hafa sérhæft sig í þessu starfi að koma inn með fyrirlestra og kveikjur og hjálpa okkur til að meta hvað við erum að gera og hvernig við getum bætt og aukið þátt sköpunar í starfinu. Við ætluðum að rýna í hvað sé athygliverðast og hvernig við getum gert betur varðandi þetta. Skólaárið á undan (2018-2019) enduðum við á því að fá fyrirlestur frá Önnu Grétu Guðmundsdóttur listasmiðjustjóra Sæborgar um starfið í Reggio Emilia og það var góð byrjun.

Á fyrsta starfsdegi vetrarins 2019-2020 var farið í að flytja börn á milli deilda og koma deildum í gott horf fyrir veturinn. Eftir hádegi var skyndihjálparnámskeið fyrir starfsmenn. Á öðrum starfsdegi vetrarins fengum við til okkar Kristínu Hildi Ólafsdóttur sem er vel að sér í starfi Reggio Emilia og hélt hún fyrirlestur og vinnustundir með okkur um „Umhverfið sem þriðji kennarinn“. Á þriðja starfsdegi fengum við svo Bjart Guðmundson leikara frá fyrirtæki sínu Optimized performance sem var með fyrirlestur sinn „Óstöðvandi í topp tilfinningalegu ástandi“. Þetta var frábær fyrirlestur og gat ekki komið á betri tíma þó við hefðum ekki áttað okkur á því þá. Janúar gekk sinn vanagang. Fólk að komast í gang eftir jólahöldin og markið sett hátt í lífi og starfi.

Verkfall Eflingar stóð yfir frá 4.febrúar til 9.mars. Tveir deildarstjórar í Sæborg eru í Eflingu og voru þær tvær deildir alveg lokaðar á meðan verkfalli stóð. Ein deild var næstum því alveg opin þar sem enginn starfsmaður Eflingar vann á þeirri deild fyrr en eftir hádegi og varð að sækja börnin þar klukkan 15:30. Fjórða deildin var skipuð starfsfólki í Eflingu að tveimur þriðju hlutum og því kom aðeins einn þriðji barnanna hvern dag þar. Þetta var púsluspil fyrir þessa einu deild og vildum við fá



Öll börnin sem oftast og passa að þegar verkfalli lyki að þá hefði óskastaðan orðið sú að allir hefðu fengið sem jafnastan tíma í leikskólanum og það gekk eftir. Þetta var óþægilegur tími og frekar erfiður andlega fannst fólki en það voru allir jákvæðir og við einsettum okkur að lifa í núinu og halda áfram því starfi sem við værum annars að vinna og leyfa börnunum að njóta sín í starfi eins og áður. Það var því mikil gleði þegar verkfalli lauk og allir starfsmenn komu aftur til starfa. Það leit svo út fyrir að starfsmenn Sameykis færu í verkfall líka en því var aflýst áður en að því kom. Allt var að falla í réttar skorður eftir verkfallið þegar Covid-19 ákvað að láta fyrir sér finna á litla Íslandi. Það fór ekki fram hjá okkur frekar en nokkrum manni á landinu. Skyndilegum starfsdegi var komið á hjá öllum leik og grunnskólum þar sem farið var yfir hvað við gætum og ættum að gera varðandi veiruna. Við tók tímabil þar sem fólk var mjög óöruggt. Enda aðstæður sem við erum sem betur fer öll óvön og raunveruleg hætta ef ekki væri farið að öllu með gát. Börnin komu í leikskólann í tvo til þrjá daga í viku á þessu tímabili.

Markmið okkar náðust ekki fullkomlega en við komumst vel af stað og unnum úr því framar vonum miðað við aðstæður á vorönn. Brúarendi þar sem elstu börn leikskólans eru hófu að vinna með Blæ sem er vináttuverkefni Barnaheilla. Einnig var byrjað að skoða Orðaspjall á þeirri deild. Starfsdögum var aflýst eða frestað. Ferð starfsmanna til Brighton sem átti að vera loka hnykkur á þætti sköpunar í nýju menntastefnunni var frestað um ár. Áætlað er að fara í hana í maí 2021.

Áherslur á komandi starfsári vegna menntastefnu Reykjavíkurborgar verður á Læsi. Við fundum fyrir því í vetur að það er eitthvað sem við megum auka og bæta okkur verulega í. Því var ákveðið að taka þetta fyrir á næsta skólaári. Í námskrá Sæborgar er hins vegar á áætlun fyrir árið 2020 að taka fyrir sjálfstæði en við munum taka það fyrir um leið og við tökum fyrir Sjálfseflingu í nýju menntastefnunni.

Hvernig við útfærum hvað við tökum fyrir varðandi læsi á eftir að setja niður og verður það gert á fyrsta starfsdegi í vor eða þann 24. ágúst 2020. Hugmyndir eru um að skoða marga hluti og verður tíminn að leiða í ljós hvað verður ofan á. Dæmi um hugmyndir eru að skoða Leikur að læra, læsi í anda Reggio Emilia. Dýpka okkur varðandi Orðaspjall og Lubba sem þegar er unnið með í Sæborg. Við ætlum að skoða námskránnar okkar vel og athuga hvort við þurfum að bæta hana eða breyta og einnig hvað í starfinu við viljum meta.



2 Innra mat deilda

Greinagerð deildarstjóra Suðurhlíðar (næst elsta deildin) um starfið á síðasta ári

Veturinn 2019-2020 voru 20 börn á Suðurhlíð og samkvæmt barngildum þurftu að vera á deildinni 3 kennarar en oft voru 4 og með stuðning fleiri kennarar. Starfsmannavelta og veikindi voru töluverð en þó voru 2 kennarar sem voru allan veturinn.


Barnahópurinn þurfti aðlögun allt haustið og áherslur í starfinu fram að jólum voru að kortleggja þarfir, hæfni og áhuga þessa fjölbreytta barnahóps og búa til jákvæða, skapandi og vingjarnlega stemmningu. *Kennarahópurinn* þurfti líka sinn tíma til að aðlagast barnahópnum. Það var mjög krefjandi og vandasamt verkefni sérstaklega því að það voru oft veikindi starfsmanna á deildinni og hreyfingar á henni út af breytingum í starfsmannahópi leikskólans. Má til dæmis nefna það að það voru ráðnir 6 stuðningsaðila fyrir deildina í gegnum árið en það var mjög erfitt að ráða þá og halda þeim og kom sérkennslustjóri gjarnan inn í aðstæður. Samstarf allra gekk vel og samstarf við foreldra var mjög gott.

Strax eftir jól byrjuðum við með *þemavinnu* um jökla á Íslandi. Börnin voru mjög áhugasöm og virk að leika sér á stöðvum með mismunandi efnivið um þema og áhugi þeirra um jöklana flæddi mikið einnig í frjálsum leik. Það var fallett og frábært verkefni og margt skemmtilegt kom úr því. Í verkefninu fléttuðust saman myndlist, hreyfing, tónlist, sögur og söngur en grundvöllur þess var nokkurra vikna algjörlega frjáls leikur og rannsóknarvinna 4 og 5 ára barnanna okkar. Verkefnið vakti mikla athygli utan leikskólans, sérstaklega myndlistarfólks sem sér um verkefnið LÁN, verkefni Nýsköpunarmiðju Reykjavíkurborgar. Áhersla verkefnisins er listrænt ákall til náttúrunnar og það stendur meðal annars fyrir því að raddir hugmyndaríku og frjóu barnanna okkar um mikilvægu náttúrumálefnið heyrir. Í kjölfar þess var okkur boðið að taka þátt með svokallaðan Jöklagjöfning, vídeóverk sem við gerðum úr ljósmyndum barna sem þau tóku sjálf á ljósaborði. Úr samstarfi með LÁN fengum við Öldu Rós myndlistakonu til okkar að kenna börnunum að vinna með þrykk aðferðir á textíl. Það var mjög gaman fyrir börn að læra að gera ísbirni á þennan hátt en líka frábært tækifæri fyrir okkur kennara að læra eitthvað nýtt af listamanni.

Frábært samstarf var einnig á milli Suðurhlíðar og fræðsludeildar Listasafns Reykjavíkur og Náttúruminjasafns Íslands. Við vorum að nota fræðslu þeirra sem eina af kveikjunum í báðum tveimur þemaverkefnum.

Í vor þegar börnin komu aftur í leikskólann eftir langt fríi fórum við áfram með samstarf við LÁN. Okkur var boðið að taka þátt í Barnamenningarhátíðinni á Kjarvalsstöðum með vídeóverkið okkar sem heiðrar íslensku jöklana og ísbjarnarblús þrykk verkin. Við vorum líka beðin að taka þátt ásamt grunnskólabörnum í verkefninu LÁN um líffræðilegan fjölbreytileika. Hver gat hafnað því en við leyfðum barnahópnum okkar mikið að ráða tímanum og algjörlega að ráða ferlinu í verkefninu. Verkefnið um skordýr heppnaðist mjög vel fyrst og fremst af því að börnin fengu brennandi áhuga á skordýrum og um leið var sett fyrsta kveikjan en þetta voru raunverulegar sögur úr íslenskum dagblöðum sem vörpuðu ljósi á erfiða stöðu skordýra í manngerðu umhverfi. Einnig var efnisveita fyrir verkefnið sérstök, spennandi og skemmtileg. Hugmyndin var að nota efnivið úr nánasta umhverfi og velja úr því allt sem var "hafnað" því að skordýrum er oft hafnað. Í efnisveitu fyrir verkefni safnaðist óvinsæll matur, matarafgangar, jurtir, blóm o.s.frv.. Öll listaverk LÁN sem tóku þátt í Barnamenningarhátíðinni voru valin sem listaverk vikunnar í Listasafni Reykjavíkurborgar. Gaman að segja frá því hér að fulltrúi þeirra varð býflugan Blíða eftir Frímann Galdur okkar. Það er mikill heiður að börnin okkar hafi fengið viðurkenningu sem yfirleitt bara fullorðnir listamenn fá í söfnum. Sögur um skordýr sem okkar börn sköpuðu snertu mörgu hjörtu fullorðinna og hvöttu fólk til umhugsunar.





Samstarf við LÁN var frábært og okkur langar að halda áfram að vinna saman næsta vetur. Samstarfið býður upp á óteljandi möguleika bæði fyrir börn og kennara leikskólans. Það er dýrmætt líka fyrir listamenn sem vinna með í verkefninu og samfélagið okkar í dag.

Daglegt skipulag var að virka vel allt árið. *Umhverfið* sem þriðji kennari var lifandi og skapandi að mestu hluta ársins en vantaði eins og í fyrra að setja upp myndræna skipulagningu og myndrænar skráningar um starfið og verkefni á deildinni. Foreldrar voru mjög duglegir að gera *skráningar* og kynningar barnanna á þeim voru frábærir. *Matarflæði* gekk misjafnlega vel en mikil truflun varð á því vegna verkfalls og covid en einnig kom það í ljós að matarflæði eins og það var í fyrra hentar ekki öllum börnum á okkar deild.

Flæðið á föstudögum er enn þá vinsæll þáttur í starfinu okkar.

Á deildinni var daglega lesið fyrir börn og mætti segja að börnin okkar eru miklir lestrarhestar. Einnig voru daglegir málörvunartímar og eftir jólfékk deildin aðstoð frá aðstoðarleikskólastjóra vegna barna sem eru með íslensku sem annað tungumál. Miklar framfarir náðust hjá þessum hóp og erum við mjög ánægð með það. Sérkennslustjórinn tók líka þátt í einstaklingsvinnu með þessum börnum sem er líka búið að skila mörgu góðu.

Á endanum mundi ég segja að margt getur náðst með gefandi og góðri samvinnu og hún er búin að vera uppspretta margra dásamlegra og ógleymanlegra stunda á Suðurhlíð þetta ár.

Umbótaáætlun 2020-2021 (deild flyst á Brúarenda)

Læsi, sköpun og heilbrigði

Menningar- og náttúrulæsi

Markmið með umbótum

Að börnin öðlist meiri skilning á umhverfinu sínu og geri sér betur grein um mikilvægi réttinda og skylda sinna í sambandi við umhverfi sem þau búa í

Aðgerðir til umbóta

Markvissar vettvangs- og skoðunarferðir í náttúrunni, heimsókn í söfn og heimsóknir listamanna.

Vinna með upplifun og sköpunarkraft barna : börnin gera myndrænbók, veggspjöld, dans, gjörninga sem tengjast réttindum þeirra í Barnasáttmálinu (grein 24 og 29)

Tímaáætlun

Ágúst 2020 -Júli 2021

Ábyrgðaraðilar

Starfsfólk og deildarstjóri Brúarenda

Endurmat-hvernig, hvenær

Afrakstur verkefna- og þemavinnu

Viðmið um árangur

Aukin þekking og skilning um náttúrufyrirbæri, samskiptum manns og náttúru, aukin skilning á eigin heilbrigði og velferð í tengslum við áhrif umhverfisins

Nánari markmið um læsi verða sett á fyrsta starfsdegi í haust 2020.

2.Lýðræði og heilbrigði

Markmið með umbótum

Auka þátttöku barna í ákvörðunum sem tengjast námi og lífi þeirra í leikskólanum

Aðferðir til umbóta

Kenna börnin um barnaréttindi, morgunfundir þar sem þau fá tækifærin að ráða um skipulag dagsins, börnin setja einstaklings markmið fyrir næstkomandi ár, börnin taka þátt í skráningum leikskólans, börnin skipuleggja föstudagsflæði, börnin meta starfið

Tímaáætlun



Ágúst 2020- Júlí 2021

Ábyrgðaraðilar

Starfsfólk og deildarstjóri Suðurhlíðar

Endurmat-hvernig, hvenær

Morgunfundir barnanna og deildarfundir starfmanna, spurningakönnun fyrir börn og spurningakönnun fyrir starfsfólk Suðurhlíðar í lok ársins

Viðmið um árangur

Aukin þátttaka barnanna , ánægja þeirra, breytingar í náms- og leikumhverfi leikskólans

Jelena Bjeletic
deildarstjóri Suðurhlíðar



Greinagerð deildarstjóra Lambhóls (næst yngsta deildin) um starfið á síðasta ári

Við fluttum yfir á Lambhól í ágúst. Til viðbótar við þau tólf börn sem voru á Görðum bættust sex börn við á deildina en tvö fluttu yfir á annan leikskóla og voru því lengst af 16 börn á deildinni. Töluverð velta var á starfsfólki og þá sérstaklega fyrir áramót en yfirleitt voru 4 starfsmenn á deildinni og 6 þegar mest var vegna stuðningsbarna. Flest börnin á deildinni eru fædd 2017 en aðeins fimm þeirra eru fædd 2016 og kynjahlutafall nokkuð jafnt eða sjö stelpur og níu strákar.

Börnin sem bættust við á deildina voru fljót að aðlagast og eins gekk hinum börnunum vel að venjast nýju rými á Lambhól. Það tók svolítið langan tíma að þreifa fyrir sér með stærri barnahóp og nýjan starfsmannahóp hvernig skipulag deildarinnar átti að vera. Með hjálp frá sérkennslustjóra skiptum við samverustundum í tvennt og nýttum því rýmið betur til þess að skapa rólegra og vænlegra umhverfi fyrir hópinn til einbeitingar og þátttöku. Eins reyndum við að nýta rýmið sem best og skipta þeim upp í hópa eins og hægt var en verkfall og kóróna veira setti eins og ætla má strik í reikninginn. Nú þegar skólaárið er að enda höfum við lært að það sé gott að tvískipta útiverunni þannig að börnin fái tækifæri til að vera í litlum hópum og hægt sé að vinna hnitmiðaðri verkefni með þeim. Aðeins eitt barn er hætt að sofa og mörg sofa stutt og þess vegna náum við góðri útiveru eftir hádegi.

Strax í haust voru flest börnin orðin nokkuð fær í að skammta sér sjálf og stefndum við á að byrja með hlaðborð strax eftir áramót. Það gekk ekki alveg eftir óskum bæði vegna þess að starfsfólk var óöruggt og treysti sér ekki til og síðan vegna verkfalls og kórónuveiru. Nú höfum við loks tekið upp matarflæði í hádeginu og hefur það gengið mjög vel. Börnin borða í fjórum fjögurra manna hópum og það er gaman að fylgjast með þeirri jákvæðu þróun sem það hefur á samskipti þeirra og sjálfshjálp. Sérstaklega í ljósi þess að á tímum veirunnar þurftu kennarar að gera allt fyrir þau og þau urðu þá fljótt vön fullri þjónustu. Allan tíma hafa þau þó fengið að ganga frá eftir sig og hafa verið hvött til að þurrka upp það sem sullast niður með það að markmiði að þau læri að mistök séu í lagi og að þau hafi tækifæri til að bæta upp fyrir það sem illa fer.

Við höldum áfram að vinna með sjálfshjálp, samskipti og tilfinningagreind í bland við sköpun. Flest börnin öðluðust mikla færni í fataherbergi og geta mörg hver gert allt sjálf þar með talið að þræða og renna upp rennilás. Einnig höfum við reynt að finna leiðir til að auka úthald en nokkrir einstaklingar hafa ekki haft mikla trú á eigin getu og ákveðið fyrir fram að þau geti ekki tekist á við verkefni sem liggja fyrir. Það hefur gengið ágætlega en þarf að halda áfram með á næsta skólaári.

Samskipti hafa gengið að mestu vel á milli barnanna og þau eru mörg orðin fær í að leysa vandamál. Nú er mun minna um að málin séu leyst með því að rífa af, slá frá sér eða rífa í hár þó það komi enn

Þá fyrir við og við. Við finnum mikinn mun á hegðun barnanna eftir fjölda og ástandið sem skapaðist á tímum Covid sýndu fram á hvað allt gekk mikið betur þegar börnin fengu meira rými og voru færri saman í hóp.

Þá settum við upp myndrænar reglur sem börnin hjálpuðu til við að semja og höfum við náð að setja helming þeirra upp á vegg. Við stefnum að því að halda áfram með það verkefni á næsta skólaári.

Flest börnin eru farin að pissa og kúka í klósett en aðeins fjögur börn eru enn með bleyju. Þar af er aðeins eitt þeirra sem fer aldrei á klósett og sýnir því ekki áhuga. Við höfum haft þá stefnu að fylgja þeirra áhuga og bíða eftir að þau eru tilbúin í samráði við foreldra sem hefur gengið mjög vel og slys hafa verið mjög fá miðað við.

Umbótaáætlun 2020-2021 (deild flyst á Suðurhlíð)

Valdefling barna

Markmið með umbótum

Að efla börnin enn frekar í sjálfshjálpi í matartímum, fataklefa og við leik og störf.

Aðgerðir til umbóta

Að skapa ró í fataherbergi með því að senda fá börn í einu. Halda áfram með matarflæði og fræða börn um matarsóun. Að börnin læri með því að gera sem flest sjálf. Notað ljósmyndir til efla læsi og skilning.

Tímaáætlun

September 2020 – maí 2021

Ábyrgðaraðilar

Deildarstjóri.

Endurmat – hvernig, hvenær

Umræður á deildarfundum hjá starfsfólki.

Viðmið um árangur

Að börnin upplifi að þau séu færir einstaklingar sem hafi vald yfir eigin líkama og að skoðanir þeirra skipti máli. Að börnin geti bjargað sér að mestu sjálf í matartíma með því að skammta sér sjálf, hella

úr könnu, smyrja og skera matinn. Að börnin hafi öðlast færni í að klæða sig sjálf að mestu án aðstoðar. Að börnin læri að það er í lagi að gera mistök og hægt sé að bæta upp fyrir þau til dæmis með því að þurrka upp það sem sullast niður.

Skráningar

Markmið með umbótum

Að starfsfólk eflist í skráningum. Að hver starfsmaður geri að minnsta kosti tvær skráningar yfir veturinn.

Aðgerðir til umbóta

Að starfsmenn setji sér markmið í skráningum og séu duglegri við að skipta þeim á milli sín.

Tímaáætlun

September 2020 – maí 2021.

Ábyrgðaraðilar

Deildarstjóri.

Endurmat – hvernig, hvenær

Umræður á deildarfundum hjá starfsfólki. Farið yfir nýjar skráningar í möppunni.

Viðmið um árangur

Fleiri skráningar í námsbækur barnanna. Aukin kunnátta starfsfólks í skráningum. Þrjár nýjar skráningar séu í hverri möppu eftir veturinn.

Samskipti

Markmið með umbótum

Að börnin öðlist aukna færni í að leysa úr ágreiningum, þrói sterkari samkennd og aukna félagsfærni.

Aðgerðir til umbóta

Að stöðva skaðlega hegðun eins fljótt og hægt er með mjúkum höndum. Færa sig í hæð barnanna og lýsa því sem á sér stað. Viðurkenna tilfinningar barnanna, finna út í sameiningu hvert vandamálið er og hvetja þau til að finna lausnir sjálf sem allir eru sáttir við.

Tímaáætlun

September 2020 – maí 2021.



Ábyrgðaraðilar

Deildarstjóri.

Endurmat – hvernig, hvenær

Samtal á deildarfundum. Fara yfir einstaklingsnámsskrár og skoða hvort breyting hefur orðið á samskiptum barnanna.

Viðmið um árangur

Að börnin læri að nota orð til þess að tjá sig um vandamálin, hafi lært að hlusta hvert á annað, vinna saman að lausnum og sýni aukna samkennd í verki. Halda áfram að vinna með reglurnar sem börnin sömdu. Fá þau til að taka þátt með því að leika regluna og taka ljósmyndir sem hanga í þeirra hæð. Ræða reglurnar í samveru. Notað bækur og sögur til dæmis Vandamálasögur til að virkja börnin í að finna lausnir.

Skapandi starf

Markmið með umbótum

Að auka sýnileika og aðgengi barna að skapandi efnivið. Þar má nefna málningu, liti, lím, leir og hljóðfæri. Einnig leggja áherslu á líkamlega tjáningu á borð við dans og leikræna tjáningu með spuna og að börnin öðlist færni í að segja sögur.

Aðgerðir til umbóta

Finna leiðir til að hafa sem mestan efnivið í hæð barnanna en hafa annan efnivið sýnilegan. Að bjóða reglulega upp á dans, að vera fyrirmyndir í spunaleikjum, að hvetja börnin til að segja sögur með því til dæmis að hjálpa þeim af stað, spyrja spurninga, bjóða þeim myndir til að fá innblástur frá og skrifa niður sögurnar svo hægt sé að lesa þær upp fyrir þau seinna. Leyfa börnunum að myndskreyta sögurnar og hengja þær upp svo þau geti endursagt þær sjálf. Semja lög með krökkunum út frá sögutextunum þeirra.

Tímaáætlun

September 2020 – maí 2021

Ábyrgðaraðilar

Deildarstjóri.

Endurmat – hvernig, hvenær

Samtal á deildarfundum, ljósmyndir teknar í upphafi skólaárs til þess að hægt sé meta markmið um



skapandi efnivið. Taka myndbönd og myndir af líkamlegri tjáningu barnanna og fara yfir sögurnar sem hafa safnast yfir skólaárið.

Viðmið um árangur

Að börnin öðlist aukna færni í að tjá sig á skapandi hátt með mismunandi aðferðum og að þau fái tilfinningu fyrir því hvar hæfileikar og áhugasvið liggja.

Læsi

Markmið með umbótum

Að börnin læri að lesa úr umhverfinu og öðlist grunnþekkingu til þess að lesa sér til gagns í framtíðinni.

Aðgerðir til umbóta

Hafa skrifkrók þar sem hægt verður að skoða stafi, orð og myndir. Í skrifkróknum verða einnig blöð og skriffæri þannig að börnin geti æft sig að herma eftir stöfunum. Að merkja hluti og húsgögn með myndum og orðum inni á deild. Að vinna með ljósmyndir sem upplýsingatæki fyrir börnin.

Tímaáætlun

September 2020 – maí 2021.

Ábyrgðaraðilar

Deildarstjóri.

Endurmat – hvernig, hvenær

Umræður á deildarfundi.

Viðmið um árangur

Að börnin hafi lært að þekkja nokkra stafi og geti jafnvel ritað nafnið sitt og nokkur orð. Að hafa náð að kveikja áhuga barnanna á ritmáli og stöfum og séð möguleika þeirra. Að börnin hafi öðlast færni til að lesa úr ljósmyndun og geti getið sér til um merkingu ýmissa skilta.

Perla Hafþórsdóttir
deildarstjóri Lambhóls



Greinagerð deildarstjóra Garða (yngsta deildin) um starfið á síðasta ári

Veturinn 2019-2020 á Görðum vorum við með 14 börn mestan hluta vetrar en þau urðu 15 þann 1. júní 2020. 1 barn sat eftir á Görðum og 13 börn byrjuðu í aðlögun í ágúst og september 2019. Aldursbilið í barnahópnum voru 10 mánuðir, elsta barn fætt júní 2017 og yngsta barnið í apríl 2018. Kynjaskiptingin í hópnum var nokkuð jöfn, 8 strákar og 6 stelpur framan af en þann 1. júní voru það 8 strákar og 7 stelpur. 4 kennarar fylgdu hópnum allan veturinn, 2 í 100% starfi og aðrir í breytilegu hlutfalli.

Aðlögun hópsins var að fullu lokið í byrjun október en fyrst um sinn fór tíminn aðallega í að kynnst börnunum og hópnum. Við nýttum okkur rými deildarinnar eins vel og hægt var og reyndum alltaf að tvískipta hópnum milli herbergja til að nýta rýmið enn betur og gefa börnunum færi á að vera í rólegra rými. Öll börnin sváfu í hvíld og því fór hópurinn alltaf allur út fyrir hádegi því tíminn eftir hvíldina og fyrir kaffitíma nýttist illa til útiveru. Þegar við færumst yfir á Lambhól (næst yngstu deildina) munum við reyna að tvískipta hópnum betur í útiveru fyrir og eftir hádegi enda má búast við því að einhver barnanna verða hætt að sofa eða búin að minnka svefntímann verulega.

Markmiðin sem við höfðum sett okkur fyrir veturinn voru að efla sjálfshjálp barnanna í matartímum og fataherbergi. Annað markmið var að virkja alla starfsmenn í skráninga og að fara í vettvangsferðir með börnunum. Við höfðum einnig sett okkur það markmið að vinna með grunnlitina sem þema vetrarins.

Við náðum að vinna að þessum markmiðum ágætlega. Það að efla sjálfshjálp barnanna í matartímum féll örlítið um sjálft sig vegna Covid-19 en þá var börnunum meinað að skammta sér sjálf í matartímum. Við ákváðum því að slá þessu markmiði á frest fram á haustið þegar við færumst milli deilda. Þegar fór að vora lögðum við meira kapp í að hvetja börnin til að klæða sig í og úr sjálf í fataherberginu en þá var orðinn léttari klæðnaður og því auðveldara fyrir þau að athafna sig sjálf. Næstum því allir starfsmenn gerðu skráningar og því náðist það markmið einnig nokkuð vel. Við fórum strax í vettvangsferðir í haust en þá fórum við með smáa hóp, aðeins 3-4 börn í senn í ferðir í fjöruna. Þegar börnin voru að mæta fá í einu í Covid-19 þá nýttum við einnig tækifærið og fórum í stuttar ferðir með þau, fjöruferðir og göngutúra um nærumhverfið. Þegar fór að vora og um sumarið fórum við að fara með allan hópinn í einu í vettvangsferðir og gekk það mjög vel. Við unnum vel að markmiðinu með grunnlitina með börnunum en þau fengu bæði að líma, mála og þræða í tengslum við þemað.



Umbótaáætlun 2020-2021 (deild flyst á Lambhól)

Valdefling barna

Markmið með umbótum

Að byrja strax í haust að vinna að því að efla sjálfshjálpi barnanna í matartímum og fataherbergi. Miða að því að vera byrjuð með hlaðborðið öðru hvoru megin við áramótin.

Aðgerðir til umbóta

Hvetja börnin til að skammta sér sjálf og klæða sig sjálf í fataherbergi og aðstoða þau við að gera meira sjálf. Að við gefum okkur nægan tíma við máltíðir og að börnin fari í fámennum hópum fram í fataherbergi.

Tímaáætlun

Október 2020- maí 2021.

Ábyrgðaraðilar

Deildarstjóri.

Endurmat – hvernig, hvenær

Umræður á deildafundum hjá starfsfólki.

Viðmið um árangur

Aukin færni barna í matartímum og fataherbergi og aukið sjálfstraust.

Skráningar

Markmið með umbótum

Hvetja og virkja alla starfsmenn til að gera skráningar, aðlögunarskráningar, afmælisskráningar og jafnvel sjálfsmyndaskráningar.

Aðgerðir til umbóta

Að starfsfólk skipti skráningum á milli sín.

Tímaáætlun

September 2020- maí 2021.

Ábyrgðaraðilar

Deildarstjóri.

Endurmat – hvernig, hvenær

Umræður á deildafundum hjá starfsfólki.

Viðmið um árangur

Að fjölga skráningum barnanna í ferilmöppur og efla kunnáttu allra starfsmanna til skráninga.

Þemaverkefni

Markmið með umbótum

Að vinna markvisst að ákveðnu þema með barnahópnum, t.d. vinna með ljós og skugga. Nota myndvarpa inn á deild og frammi á Torgi. Fara í vettvangsferðir að Háskóla Íslands í myrkrinu og skoða ljósin og skuggana sem myndast við aðalbygginguna.

Aðgerðir til umbóta

Að byrja strax þegar fer að verða dimmt fram eftir morgni að fara með börnin í stuttar vettvangsferðir í litlum hópum að skoða ljós og skugga.

Tímaáætlun

Október 2020-maí 2021.

Ábyrgðaraðilar

Deildarstjóri.

Endurmat – hvernig, hvenær

Umræður á deildafundum hjá starfsfólki.

Viðmið um árangur

Fleiri vettvangsferðir og vinna að þema.

Vettvangsferðir

Markmið með umbótum

Að fara í fleiri vettvangsferðir með börnin, lengri ferðir og ferðast með strætó. Tengja vettvangsferðir við þema vetrarins, t.d. ljós og skugga við Háskóla Íslands.



Aðgerðir til umbóta

Að byrja strax í haust að fara með börnin í stuttar vettvangsferðir í litlum hópum og nýta okkur nánasta umhverfi til þess.

Tímaáætlun

Október 2020-maí 2021.

Ábyrgðaraðilar

Deildarstjóri.

Endurmat – hvernig, hvenær

Umræður á deildafundum hjá starfsfólki.

Viðmið um árangur

Fleiri vettvangsferðir

Ólöf Guðmundsdóttir

deildarstjóri Garða



Garðar Markmið 2020-2021 (Yngsti hópurinn öll börnin verða ný í húsi)

Markmið fyrir veturinn 2020-2021 voru unnin með gildi Sæborgar í huga, sem eru *sköpun, gleði, virðing og metnaður*.

Sköpun – sköpun er rauður þráður í starfi okkar og er áherslan lögð á ferlið fremur en afurðina. Börnin munu fá að kynnast skapandi efnivið á eigin forsendum í gegnum leik og upplifa með öllum skynfærum. Þá er markmiðið að börnin fari í listasmiðju og fái tækifæri til að mála á bleyjunni, leika með leir, ull, pappír og plast.

Skapandi efniðviður (t.d. litir, málning, vatnslitir, skæri, lím, jarðleir) verður sýnilegur börnunum svo þau geti óskað eftir honum. Þetta auðveldar börnunum að koma eigin hugmyndum í framkvæmd og örvar skapandi hugsun í leik.

Virðing - Virðing er að koma vel fram við sjálfan sig, aðra og umhverfi sitt. Þá verður rík áhersla að börnin læri að setja öðrum mörk og skilji mörk annarra. Þá verður mikið lagt upp úr því að kennarar og börn sýni hvert öðru virðingu með því að hlusta hvert á annað, að allir tali rólega og fallega sín á milli og eigi í jákvæðum og uppbyggilegum samskiptum. Einnig að börnin upplifi að þau séu örugg og fái þá umhyggju sem þau þurfa.

Áhersla verður lögð á valdeflingu yngstu barnanna. Þá fá börnin að skammta sér sjálf, hella í glösin og ganga frá eftir sig. Jafnframt munu þau ráða hvar þau sitja. Eins verða börnin hvött til þess að klæða sig sjálf, bæði í fataklefa og inni á deild. Þá er hugmynd að fá gömul útiföt svo að börnin geti æft sig inni á deild.

Vettvangsferðir - Stefnt verður að því að fara í ferðir í litlum hópum, þar sem nærumhverfi leikskólans er skoðað á forsendum barnanna. Það sem vekur áhuga þeirra verður ljósmyndað og myndir úr ferðum hengdar upp inni á deild, í augnhæð barnanna.

Skráningar - Með skráningum fá raddir barnanna hljómgrunn og þær gefa tækifæri til að skilja hugsanir og uppgötvanir barnanna í leik og starfi. Markmiðið er að starfsfólk vinni skráningar og að börn komi með skráningar að heiman og sýni í samverustundum. Þannig fá börnin tækifæri til þess að segja frá og æfa sig í að sýna hvert öðru virðingu með að hlusta hvert á annað.



Gleði - Gleði er einkennandi fyrir okkar samskipti og tökum við vel á móti hverju barni á morgnanna svo það finni sig velkomið. Markmiðið er að skapa undrun í daglegu starfi og finna gleðina í hinu smáa.

Metnaður – Við leggjum metnað okkar í að skapa fallegt og örvandi umhverfi fyrir börnin. Mikil áhersla er á umhverfið sem þriðja kennara og mun starfsfólk vera duglegt að breyta umhverfinu inni á deild og prófa nýjar leiðir með falgri framsetningu á efniviðnum, sem skapar kveikjur í leik barnanna.

Umbótaþættir	Markmið	Aðgerðir	Tímaáætlun	Ábyrgð	Endurmat	Árangur
Valdefling í fataklefa	Efla sjálfshjálpi í fataklefa	Hafa leikföt inni á deild og fara í litlum hópum í fataklefa	Sept 2020 - jún 2021	Deildarstjóri	Umræður á deildarfundum	Aukin færni barnanna og meiri sjálfstraust
Valdefling í matartíma	Efla sjálfshjálpi í matartíma	Börnin skammta sér, hella sjálf, ganga frá eftir sig	Sept 2020 – jún 2021	Deildarstjóri	Umræður á deildarfundum	Aukin færni og meira sjálfstraust
Skapandi efniviður	Aukin sýnileiki og aðgengi	Hafa efnivið í hæð barnanna eða sýnilegan svo að þau geti óskað eftir honum	Sept 2020 – jún 2021	Deildarstjóri	Regluleg ljósmyndun á rýminu	Aukið skapandi starf
Skráningar	Starfsfólk eflist í tækifærisráðgjöf	Starfsfólki úthlutað sérstök skráningarbók þar sem starfsfólk gerir eina skráningu á viku.	Sept 2020 - jún 2021	Deildarstjóri	Á deildarfundum, aðra hverja viku.	Fleiri skráningar í námsbækur barnanna.
Vettvangsferðir	Fara í fleiri ferðir	Farið í litlum hópum	Sept 2020- jún 2021	Deildarstjóri	Allar ferðir skráðar og ljósmyndaðar	Fleiri vettvangsferðir

Oddný Heimisdóttir,

Deildarstjóri Garða 2020-2021



3 Ytra mat

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.



4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl voru tekin við alla deildarstjóra og hluta starfsmanna. Þeim verður framhaldið í haust. Starfsþróunarsamtöl eru venjulega tekin í febrúar og mars. Tímasetningin skýrir hvers vegna það gekk ekki sem skyldi í vetur enda verkföll og heimsfaraldur sem áttu hug okkar allan á þeim tíma. Starfsþróunarsamtöl eru á áætlun í febrúar mars við allt starfsfólk.

Deildarstjóri Brúarenda fór á námskeið Barnaheilla um vináttuverkefnið Blær. Endurskoða á í haust 2020 hvort allur skólinn fari inn í þetta verkefni.

5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Leikskólarnir í samstarfi við Melaskóla munu hittast þann 14. ágúst 2020 og setjum við þá niður dagsetningar og áætlun um samstarf fyrir veturinn 2020-2021

Samstarfið er reglulegt yfir veturinn þar sem börn fara í heimsóknir í Melaskóla hitta skólustjórnendur og skoða skólann. Þau fara í heimsóknir inn í bekk og í íþróttahús og bókasafn skólans.

Grunnskólanemendur koma í heimsókn í leikskólann og lesa fyrir börnin í leikskólanum á degi íslenskrar tungu.

6 Foreldrasamvinna

Foreldraráð er í leikskólanum. Fulltrúar eru aðeins tveir fyrir skólaárið 2019-2020. Þykir það of lítið og munum við fjölga fulltrúum fyrir næsta vetur. En það skulu sitja amk. þrír fulltrúar í ráðinu. Þeir verða kosnir á aðalfundi foreldrafélags Sæborgar í haust.

Foreldrafundir eru einu sinni á ári á hverri deild í september. Þá er námsefni vetrarins og annað starf á viðkomandi deild kynnt fyrir foreldrum.

Foreldrasamtöl eru tvisvar á ári og oftast ef þörf krefur. Það eru lög drög að einstaklingsáætlun hers barns.

Foreldrafélag Sæborgar stendur fyrir ýmsum uppákomum. t.d. Leiksýningum, jólaballi, sumarhátíð ofl.



7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar í leikskólum eru sex talsins öllu jafna. Skóla og frístundasvið Reykjavíkur hefur gefið leikskólum sínum leyfi til að taka tvo starfsdaga með sér yfir á haustönn 2020 vegna ástands síðasta árs. Við kusum að setja einn starfsdag á 4. janúar frekar en fyrir áramót en það má endurskoða hvort annar frídagur grunnskólans henti betur og færa hann þá fram fyrir áramótin. En dagarnir milli jóla og nýárs henta illa til þess enda starfsfólk ekki allt á staðnum þá daga. Þess vegna var hann settur þann 4.janúar þá yrði hann sameiginlegur Melaskóla. En þá yrðu starfs og skipulagsdagar leikskólans 8 talsins.

Skipulagsdagar skólaársins 2020-2021 verða því eftirfarandi:

24.ágúst (fyrsti dagur 1.bekkjar í Melaskóla, flutningar á milli deilda í Sæborg)

25.september

26.október (Vetrarfrí grunnskóla)

27.nóvember

4.janúar (lokað í Melaskóla)

22.febrúar (Vetrarfrí grunnskóla)

20.maí Námsferð Sæborgar til Brighton

21.maí Námsferð Sæborgar til Brighton

8 Fylgigögn

8.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

kemur síðar.

F. h. leikskólans Sæborgar

Ásta Kristín Svavarsdóttir

Leikskólastjóri

17.07.2020

Dagsetning



Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2020 – 2021

Nafn leikskóla

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:
Sandra Ósk Snæbjörnsdóttir
Sigrún Baldursdóttir



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:



Samband íslenskra
sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2020 - 2021

Nafn leikskóla: **SÆBORG**

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚÁR	FEBRÚÁR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 L	1 Þ	1 F	1 S	1 Þ Fullveldisdagurinn Skapandi jólastund	1 F Nýársdagur	1 M	1 M	1 F Skítdagur	1 L Verkalýðsdagurinn	1 Þ	1 F
2 S	2 M	2 F	2 M	2 M Skapandi jólastund	2 L	2 Þ	2 Þ	2 F Fókusdagurinn langi	2 S	2 M	2 F
3 M	3 F Fókusdagur veruáramanna	3 L	3 Þ	3 F Skapandi jólastund	3 S	3 M	3 M	3 L	3 M Foreldrasamtöl Garðar	3 F	3 L
4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 F	4 M Skipulagsdagur/Lokað	4 F	4 F	4 S Pískadagur	4 Þ Foreldrasamtöl Garðar	4 F	4 S
5 M	5 L Sumarleyfi Lokað	5 M	5 F Foreldrasamtöl Garðar	5 F	5 L	5 Þ Dagur stærðfræðinnar	5 F	5 M Annar í þáskum	5 M Foreldrasamtöl Lambhöll	5 L	5 M
6 F	6 S Sumarleyfi Lokað	6 Þ	6 F Foreldrasamtöl Garðar	6 F	6 S Þrettándinn	6 L Dagur leikskólans	6 L	6 Þ	6 F Foreldrasamtöl Lambhöll	6 S Sólmennsdagurinn	6 Þ Sumarleyfi Lokað
7 F	7 M	7 M	7 M Foreldrasamtöl Lambhöll	7 L Baráttudagur gegn einheli	7 F	7 S	7 S	7 M	7 F	7 M	7 M Sumarleyfi Lokað 4. ágúst 7júlí
8 L	8 Þ Dagur læsis	8 F	8 Þ Foreldrasamtöl Lambhöll	8 Þ	8 F	8 M	8 M	8 F	8 L	8 Þ	8 F Sumarleyfi Lokað
9 S	9 M	9 F	9 F	9 M	9 L	9 Þ	9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 F Sumarleyfi Lokað
# M	# F Sumarleyfi Lokað	# L	# L	# Þ	# S	# M	# M	# L	# M Foreldrasamtöl Suðurhló	# F	10 L
# Þ	# F Sumarleyfi Lokað	# S	# M	# F	# M	# F	# F	# S	# Þ Foreldrasamtöl Suðurhló	# F	11 S
# M	# L Sumarleyfi Lokað	# M	# F Foreldrasamtöl Suðurhló	# F	# L	# Þ	# F	# M	# M Foreldrasamtöl Brúarendi	# L	12 M Sumarleyfi Lokað
# F	# S	# Þ	# Þ Foreldrasamtöl Suðurhló	# F	# S	# M	# L	# Þ	# F Uppsýningardagur	# S	13 Þ Sumarleyfi Lokað
# F	# M	# M	# M Foreldrasamtöl Brúarendi	# L	# M	# F	# S	# M	# F	# M	14 M Sumarleyfi Lokað
# L	# Þ	# Þ	# F Foreldrasamtöl Brúarendi	# S	# Þ	# F	# M	# F	# L	# Þ	15 F Sumarleyfi Lokað
# S	# M	# M Dagur ísl. náttúru	# F	# M Dagur íslenskrar tungu	# M	# L	# Þ Sprengidagur	# F	# S	# M	16 F Sumarleyfi Lokað
# M	# F	# L	# Þ	# F	# S	# M Óskudagur	# M	# L	# M Foreldrasamtöl Brúarendi	# F Lýðveldisdagurinn	17 L
# Þ	# F	# S	# M	# F Vasalýðsadaður	# M	# F	# F	# S	# Þ	# F	18 S
# M	# L	# M	# F	# L	# Þ	# F Konukaffi	# F	# M	# M	# L	19 M Sumarleyfi Lokað
# F	# S	# Þ	# Þ Dagur mannréttinda barna	# S	# M	# L	# L	# Þ	# F Baranmenningarhátið	# F Starfsdagur/Lokað Námserfð Brighten	20 Þ Sumarleyfi Lokað
# F	# M	# M	# F	# L	# F	# S Konudagur	# S	# M	# F Baranmenningarhátið	# F Starfsdagur/Lokað Námserfð Brighten	21 M Sumarleyfi Lokað
# L	# Þ	# F	# F Veitarráti grunnskóla	# S	# Þ Bóndadagur Karlaks	# M Veitarráti grunnskóla Starfsdagur/Lokað	# M	# F	# F Sumardagurinn fyrsti	# L	# Þ
# S	# M	# F	# F Veitarráti grunnskóla	# M	# M	# Þ Veitarráti grunnskóla	# Þ	# F	# F Baranmenningarhátið	# S	23 F Sumarleyfi Lokað
# M	# F Skipulagsdagur/Lokað Setning grunnskóla	# L	# L Fyrsti vetrardagur	# Þ	# F	# S	# M	# M	# L	# M	24 L
# Þ	# F	# S	# S	# M	# F	# M	# F	# S	# Þ	# F	25 S
# M	# L Evrópski tungumáldagur	# M	# F Veitarráti grunnskóla Starfsdagur/Lokað	# L	# L	# Þ	# F	# M	# M	# L	26 M Sumarleyfi Lokað
# F	# S	# Þ	# F Bangsadaður alþj.	# F	# S	# M	# L	# L	# F	# S	27 Þ Sumarleyfi Lokað
# F	# M	# M	# L	# M	# F	# S	# S	# M	# F	# M	28 M Sumarleyfi Lokað
# L	# Þ	# F	# S	# Þ	# F	# F	# M	# F	# L	# Þ	29 Þ Sumarleyfi Lokað
# S	# M	# F	# M	# M	# L	# L	# Þ	# F	# S	# M	30 M Sumarleyfi Lokað
# M	# L	# L	# F	# F Gamlársdagur	# S	# M	# M	# M	# M	# M	

Umsögn foreldraráðs:

Starfsárið 2019-2020 var um margt mjög sérstakt. Starf leikskólans, líkt og annarra leikskóla í Reykjavík, riðlaðist mikið vegna verkfalls Eflingar. Þegar lausn var loks í sjónmáli brast heimsfaraldur covid-19 á í öllu sínu veldi með tilheyrandi óvissu og raski. Foreldraráð vill nota tækifærið og þakka starfsfólki Sæborgar fyrir þeirra starf á þessum umbrotatímum, þar sem stöðugt þarf að breyta leikreglunum og aðlagast þeim.

Starfið á Sæborgu er metnaðarfullt og til eftirbreytni, og starfsáætlun ársins 2020-2021 er í góðu samræmi við það. Leiðarljós leikskólans „í öllu starfinu er litið á barnið sem sterkan og skapandi einstakling sem hefur mikið fram að færa“ endurspeglast í greinagerðum og umbótaáætlunum fyrir skólaárið. Þar er lögð áhersla á sjálfstæði og sjálfshjálp, tjáningu og tilfinningagreind. Kórónuskraut Sæborgar er listasmiðjan og Reggio Emilio stefnan. Það kom glögglega í ljós á barnamenningarhátíð þar sem frábær verk Sæborgarbarna voru til sýnis. Það verður líka spennandi að fylgjast með áherslum á læsi á næsta skólaári.

Foreldraráð þakkar samstarfið á skólaárinu og væntir þess að Sæborg haldi áfram að vaxa og dafna sem fyrirmyndar leikskóli með metnaðarfullu starfi, og ánægðum börnum, foreldrum og starfsfólki.

F.h. Foreldraráðs

Sandra Ó. Snæbjörnsdóttir

Sigrún Baldursdóttir